

Knattspyrnusamband Ísland

Mótanefnd



Reykjavík, 17. nóvember 2007.

Viðtakendur: Aðildarfélög KSÍ

Deildarbikarkeppni KSÍ 2008

Meðfylgjandi er þátttökutilkynning fyrir Deildarbikarkeppni KSÍ í knattspyrnu. Tilkynna ber þátttöku í síðasta lagi mánudaginn **26. nóvember.**

Kostnaður

Ekki verða innheimt þátttökugjöld í Deildarbikarkeppni KSÍ 2008.

Fjöldi liða

Öll félög sem sendu meistaraflokk til keppni á Íslandsmótinu 2007 hafa heimild til að senda lið til keppni í deildarbikarinn 2008.

Keppnisfyrirkomulag

Í mfl. karla verður keppninni skipt í þrjár deildir. Í A-deild verður keppt í fjórum sex liða riðlum og úrslitakeppni átta liða á eftir riðlakeppni. Í B-deild verður keppt í þremur sex liða riðlum með úrslitakeppni fjögurra liða á eftir riðlakeppni. Keppnisfyrirkomulag í C-deild verður ákveðið þegar þátttaka liggur fyrir.

Í kvennaflokki verður keppninni skipt í þrjár deildir. Sex lið leika í A og B-deild. Keppnisfyrirkomulag í C-deild verður ákveðið þegar þátttaka liggur fyrir. Fjögur efstu lið í A-deild kvenna leika til úrslita.

Rétt er að vekja athygli á því að keppni í A-deild karla hefst um 20. febrúar en keppni í öðrum deildum um 10. mars.

Leikstaðir

Leikir í deildarbikarnum fara að mestu fram í knattspyrnuhúsunum á Akranesi, Akureyri, Fjarðabyggð, Kópavogi, Reykjanesbæ og í Reykjavík. Einnig verður leikið á öðrum völlum eftir þörfum. Reynt verður að hafa keppni í B- og C-deild svæðaskipta.

Utanferðir félaga og aðrir viðburðir

Mikilvægt er að tilkynna mótanefnd um þá daga sem félagið getur ekki leikið vegna æfingaferða eða annarra viðburða. Tekið verður fullt tillit til utanferða félaga við niðurröðun mótsins ef upplýsingar berast í tæka tíð.

Með kveðju,
f.h. mótanefndar KSÍ
Birkir Sveinsson
mótastjóri

Deildarbikarkeppni KSÍ 2008



Þáttökutilkynning

Félag:

Meistaraflokkur karla

Meistaraflokkur kvenna

Vinsamlegast skráið hér fyrir neðan nauðsynlegar forsendur sem mótanefnd KSÍ þarf að hafa við niðurröðun leikja, t.d. æfingaferðir, staðbundna viðburði, ferðatilhögun liðs ofl:

Þátttaka tilkynnist í síðasta lagi 26. nóvember

Mótanefnd KSÍ - Fax 568 9793

Sími 510 2900

Staðfesting forráðamanns:

Sími: